- 38 Þorlákshafnarvegur.**
- 39 Þrengslavegur.**
- 343 Álfsstétt.**
- 1 Vesturlandsvegur.**
- 40 Hafnarfjarðarvegur.**

- 41 **Reykjanesbraut.**
- 43 **Grindavíkurvegur.**
- 44 **Hafnavegur:**
Reykjanesbraut – Keflavíkurflugvöllur.
- 45 **Garðskagavegur:**
Reykjanesbraut – Sandgerði.
- 411 **Arnarnesvegur.**
- 412 **Vífilsstaðavegur.**
- 415 **Bessastaðavegur:**
Hafnarfjarðarvegur – Álftanesvegur.
- 416 **Álftanesvegur.**
- 421 **Vogavegur.**
- 422 **Njarðvíkurvegur.**
- 431 **Hafravatnsvegur:**
Úlfarsárvegur – Vesturlandsvegur.
- 433 **Reykjalundarvegur.**
- 51 **Akranesvegur.**
- 54 **Ólafsvíkurvegur.**
- 55 **Heydalsvegur.**
- 56 **Stykkishólmsvegur:**
Snæfellsnesvegur – Stykkishólmur.
- 57 **Snæfellsnesvegur.**
- 574 **Útnesvegur:**
Hellissandur – Ólafsvík.
- 60 **Vestfjarðavegur.**
- 61 **Djúpvegur.**
- 62 **Barðastrandarvegur.**
- 63 **Bíldudalsvegur.**
- 64 **Flateyrarvegur.**
- 65 **Súgandafjarðarvegur:**
Vestfjarðavegur – Suðureyri.
- 68 **Hólmavíkurvegur.**
- 617 **Tálknafjarðarvegur:**
Bíldudalsvegur – Tálknafjörður.
- 1 **Norðurlandsvegur.**
- 72 **Hvammstangavegur.**
- 74 **Skagastrandarvegur.**
- 75 **Sauðárkróksbraut.**
- 76 **Siglufjarðarvegur.**
- 77 **Hofsósbraut.**
- 82 **Ólafsfjarðarvegur.**
- 85 **Norðausturvegur.**
- 808 **Árskógssandsvegur.**
- 821 **Eyjafjarðarbraut vestri:**
Norðurlandsvegur – Miðbraut.
- 823 **Miðbraut.**
- 829 **Eyjafjarðarbraut eystri:**
Norðurlandsvegur – Miðbraut.
- 845 **Aðaldalsvegur.**

- 1 Austurlandsvegur.
- 92 Norðfjarðarvegur.
- 93 Seyðisfjarðarvegur.
- 96 Suðurfjarðavegur.
- 97 Breiðdalsvíkurvegur.
- 98 Djúpavogsvegur.
- 99 Hafnarvegur.

3.2.2. Aðrir þjóðvegir eru þjóðbrautir.

3.3. AÐALFJALLVEGIR

- F22 Fjallabaksleið nyrðri:**
Af Þjórsárdalsvegi (32) við Sigöldu yfir Jökulgilskvísl hjá Landmannalaugum, Eldgjá og Skaftártungu á Búlandsveg (208) hjá Búlandi (84 km).
- F28 Sprengisandsleið:**
Af Þjórsárdalsvegi (32) við Sigölduvirkjun vestan Þórisvatns um Pveröldu, Tómasarhaga hjá Fjórðungsvatni um Kiðagilsdrög á Bárðardalsveg vestri (842) hjá Mýri í Bárðardal (197 km).
- F35 Kaldadalsvegur:**
Af Uxahryggjavegi (52) í Brunnnum um Kaldadal á Hálsasveitarveg (518) hjá Húsafelli (40 km).
- F37 Kjalvegur:**
Af Biskupstungnabraut (35) hjá Gullfossi um Bláfellsháls og Hveravelli á Kjalveg (732) hjá Eiðsstöðum í Blöndudal (165 km).
- F72 Skagafjarðarleið:**
Af Skagafjarðarvegi (752) hjá Giljum í Vesturdal, yfir brú á Jökulsá eystri á Austari-Bug, um Laugafell á Sprengisandsveg (F28) við Fjórðungsvatn (81 km).
- F78 Vegur af Eyjafjarðarleið (F82) 4 km austan Laugafellsskála, á Sprengisandsleið (F28) í Kiðagilsdrögum (18 km).**
- F82 Eyjafjarðarleið:**
Af Eyjafjarðarbraut vestri (821) við Hólsgærði, um Eyjafjarðardal á Skagafjarðarleið (F72) vestan Laugafellsskála (42 km).
- F98 Gæsavatnaleið:**
Af Sprengisandsleið (F28) í Tómasarhaga um Urðarháls yfir Jökulsá hjá Upptýppingum, yfir brú á Kreppu um Grjót og á Austurlandsveg (1) austan Möðrudals (178 km).

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

0. **Inngangur.**

Tillaga til þingsályktunar um vegáætlun árin 1983–1986 er lögð fram í samræmi við III. kafla vegalaga nr. 6/1977. Er þar um að ræða endurskoðun gildandi vegáætlunar árin 1983 og 1984 og nýja vegáætlun fyrir árin 1985 og 1986.

0.1. **Tengsl vegáætlunar og langtímaáætlunar.**

Á síðasta þingi var lögð fram til kynningar tillaga til þingsályktunar um langtímaáætlun í vegagerð. Fjármagn í langtímaáætlun er ákveðinn hundradshluti af þjóðarframleiðslu, svo sem Alþingi hafði ákveðið 1981. Þetta hlutfall skyldi vera 2,2% 1983, 2,3% 1984, en 2,4% úr því. Í áætluninni er fjármagni skipt á höfuðliði, auk þess sem fé til stofnbrauta er skipt á einstök verkefni. Langtímaáætlun skiptist í þrjú fjögurra ára tímabil, og er skipting fjármagns á liði og verkefni miðuð við tímabil. Um leið og tillaga til langtímaáætlunar var lögð fram til kynningar, var boðað að hún yrði flutt aftur á yfirstandandi þingi.

Tillaga sú að vegáætlun fyrir árin 1983–86, sem nú er lögð fram, tekur til fyrsta tímabils langtímaáætlunar. Heildarútgjöld vegáætlunar eru í samræmi við langtímaáætlun. Árið 1983 eru útgjöld þannig 2,1% af þjóðarframleiðslu að viðbættu framlagi til Ó-vega, 51 m.kr., eða alls 2,2% af þjóðarframleiðslu. Hlutfallið hækkar síðan í 2,3% 1984 og loks í 2,4%. Þá er skipting á höfuðliði einnig í samræmi við langtímaáætlun. Nefnd sú, sem vann að tillögu til langtímaáætlunar, taldi æskilegt að gera tvær breytingar á vegalögum, þ. e. um flokkun þjóðvega og um fjárveitingar til þjóðvega í þéttbýli. Í greinargerð með tillögunni voru settar fram ákveðnar hugmyndir um báðar þessar lagabreytingar. Í þessari tillögu að vegáætlun þótti rétt að taka tillit til þessara breytinga. Er þá haft í huga, að tillögur um lagabreytingar yrðu fluttar áður en vegáætlun kemur til afgreiðslu. Ef svo verður ekki, eða ef endanlegar breytingar verða í öðru formi en hér er miðað við, gefst svigrúm til að leiðrétta vegáætlunina við meðferð hennar á Alþingi.

Tillaga að vegáætlun gerir ráð fyrir nokkurri aukningu útgjalda til vegamála frá því sem verið hefur undanfarin ár. Einkum kemur þetta fram með hækkandi hlutfalli þjóðarframleiðslu á seinni árum áætlunartímabilsins. Þessi hækkun kemur einkum fram í auknu fé til nýrra framkvæmda, og til viðhalds vega. Sumarviðhald hefur lengi setið á hakanum, verið um og innan við 70% af áætlaðri þörf.

0.2. **Verðgrundvöllur vegáætlunar 1983—1986.**

Meðalhækkun verðlags milli árana 1982 og 1983 er áætluð 58%. Hvað varðar seinni ár vegáætlunar, þá er gert ráð fyrir að verðlag frá 1983 til 1984 hækki enn frekar um 40%. Síðustu tvö árin eru síðan á sama grunni og árið 1984. Ofangreind spá er sett fram í samráði við Þjóðhagsstofnun og er miðað við að verðbólga verði komin niður í 30% í lok árs 1984. Reiknaðar hafa verið út vísitölur vegagerðar í samræmi við þessar verðhækkunarforsendur og eru þær þessar:

	1982	1983	1984—86
Vísitölur	536	847	1186
Hækkun		58%	40%

I. FJÁRÖFLUN TIL VEGAMÁLA 1983—1986.

1.1. Markaðar tekjur.

Eftirfarandi áætlun um markaðar tekjur vegasjóðs næstu fjögur árin er unnin í sameiningu af starfsmönnum Þjóðhagsstofnunar og Vegagerðar ríkisins. Verðforsendur miða við 58% hækkun milli 1982/1983 og 40% hækkun milli 1983/1984 eins og nánar er gerð grein fyrir í kafla 0.2. Heildartekjur eru áætlaðar eins og fram kemur í töflu hér að neðan. Nánar er gerð grein fyrir forsendum spárinnar í eftirfarandi köflum. (Upphæðir eru í m. kr.).

Ár	Bensín- gjald	Punga- skattur	Veg- gjald	Samtals
1983	453,0	180,0	125,0	758,0
1984	647,0	257,0	175,0	1 079,0
1985	673,0	262,0	175,0	1 110,0
1986	700,0	268,0	175,0	1 143,0

Þær breytingar eru gerðar á tekjustofnum vegasjóðs skv. töflu hér að ofan, að gúmmígjald er fellt niður og veggjald tekið upp sem sérstakur tekjustofn. Til að þetta geti orðið þarf að breyta lögum um fjáröflun til vegagerðar.

Gúmmígjald hefur verið í gildi allt frá því, að vegasjóði voru fengnir markaðir tekjustofnar 1964. Upphaflega var gjaldið allnokkur hluti hinna mörkuðu tekna. Þar sem ástand hjólbarða hefur mikil áhrif á umferðaröryggi hefur á síðari árum verið tilhneiging til að draga úr þessu gjaldi. Hefur það staðið í stað í krónutölu allmörg undanfarin ár og þannig lækkað mjög að verðgildi. Þykir nú rétt að fella það alveg niður.

Hinn nýi tekjustofn, veggjald, er nánar skýrður í kafla 1.1.3 hér á eftir.

1.1.0 Spá um bifreiðafjölda.

Bifreiðum hefur fjölgað mjög ört hér síðustu árin. Er nú svo komið að bifreiðaeign á íbúa er að verða með hæsta sem þekktist í heiminum í dag. Aðeins í fimm ríkjum er bifreiðaeign meiri en hér á landi, þar af er eitt þeirra Evrópuríki, Luxembourg. Eflaust eru margar ástæður fyrir mikilli bifreiðaeign Íslendinga, en telja má að þar vegi þungt strjálbýli og miklar vegalengdir ásamt því, að bifreiðin er tiltölulega hagkvæmur kostur til fólks- og vöruflutninga. Fjölgun bifreiða er eðlilega mjög sveiflukennd milli ára og endurspeglar þar almennt ástand efnahagsmála. Sem dæmi má nefna, að á síðasta áratug var fjölgun bifreiða milli einstakra ára mest 12,9%, en minnst 0,1%.

Ársbyrjun	Fólks- bílar	Fólksb. á 1000 íb.	Fólksfl.- bílar	Vöru- bílar	Burðargeta vörub. (tonn)	Bifr. alls
1960	14.228	89	325	5 703		20 256
1970	37 304	183	555	5 717	23 525	43 576
1980	81 025	357	1 117	7 873	39 394	90 015
1982	90 258	389	1 199	9 479	44 499	100 936
Árleg aukn.						
s. l. 10 ár	7,0%		6,2%	5,1%		6,8%

Vegna erfiðrar stöðu efnahagsmála um þessar mundir er gert ráð fyrir að á næstu fjórum árum dragi heldur úr fjölgun bifreiða og þá sérstaklega fyrri hluta tímabilsins. Aukning er áætluð 3% 1983, 3% 1984 og 4% síðustu tvö árin.

Ár	Bifreiða- fjöldi 1/2	Par af með bensínhreyfli	Innfluttur bílar
1983	108 900	98 500	8 000
1984	112 300	101 600	9 000
1985	116 700	105 600	10 000
1986	121 400	109 900	10 000

1.1.1. Tekjur af bensíngjaldi.

Tekjur af bensíngjaldi eru háðar fjölda bensínbifreiða og meðaleyðslu á bíl svo og upphæð bensíngjaldsins. Síðastliðin ár hafa orðið miklar breytingar á meðaleyðslu eins og sést í eftirfarandi töflu.

	1970	1975	1980	1982 áætl.
Meðaleyðsla á bíl ltr.	1 732	1 623	1 412	1 340

Áætlað er að meðaleyðsla minnki enn á næsta ári og síðan örlítið 1984, en verði óbreytt úr því. Bensínsala verður skv. þessu óbreytt á næsta ári, eykst um 2% árið 1984 og 4% seinni tvö árin. Bensíngjaldið verður hækkað á næsta ári í samræmi við heimildir og gert er ráð fyrir að gjaldið verði 40% hærra 1984 en 1983.

Ár	Fjöldi bíla	Meðal- eyðsla	Notkun m.ltr.	Bensíngj. kr./ltr.	Bensíngj. m. kr.
1983	98 500	1 290	127,0	3,57	453,0
1984	101 600	1 275	129,5	5,00	647,0
1985	105 600	1 275	134,7	5,00	673,0
1986	109 900	1 275	140,1	5,00	700,0

1.1.2. Tekjur af þungaskatti.

Þungaskattur er greiddur af díselbílum og samsvarar hann bensíngjaldi hjá bensínbílum. Þungaskattur er tvöskonar. Annars vegar er árgjald og hins vegar km-gjald. Árgjald er eins og nafnið bendir til fast árlegt gjald eftir eigin þyngd bílsins. Aðalreglan er sú, að það er innheimt af díselbílum sem eru að heildarþunga 3 tonn og minni. Þó er eigendum þeirra heimilt að velja á milli km-gjalds og árgjalds. Þetta er viss galli á kerfinu þar sem hver og einn hefur möguleika á að velja það skattform sem lágmarkar skatt hans. Önnur frávik frá aðalreglunni eru þau að af bílum í eign bændu er greitt hálf gjald.

Km-gjald fyrir hvern ekinn kílómetra er greitt af öðrum díselbílum og er það stighækkandi eftir þyngd. Gjaldið er innheimt þrisvar sinnum á ári.

Áætlun um tekjur af þungaskatti gerir ráð fyrir að þær verði óbreyttar árið 1983, en aukist um 2% á ári úr því. Taxtar eru hækkaðir einu sinni á ári í samræmi við verðlagsforsendur.

(Upphæðir í m. kr.)

Ár	Árgjald	Km-gjald	Samtals
1983	24,0	156,0	180,0
1984	34,0	223,0	257,0
1985	35,0	227,0	262,0
1986	36,0	232,0	268,0

1.1.3. Veggjald.

Lagður verður á nýr skattur, veggjald. Gjaldið er á árinu 1983 1 kr. á hvert kg eigin þyngdar bifreiðarinnar og nær til allra bíla.

Tekjur af gjaldinu samsvara sem næst þeirri lækun sem varð á verði bíla við breytingar á innflutningsgjaldi og hefur því ekki í för með sér aukningu á heildarskattheimtu á bíla.

Tekjur af gjaldinu renna allar til vegagerðar og er fyrst og fremst ætlað að standa undir því átaki sem nú er nýhafið í lagningu bundinna slitlaga. Tekjur eru áætlaðar 125 m. kr. árið 1983 og 175 m. kr. á ári seinni þrjú árin.

1.2. RÍKISFRAMLAG

Ríkisframlag er 20,4 m. kr. árið 1983 og er það í samræmi við fjárlagatillögu. Seinni árin er ríkisframlagið hækkað í þá upphæð sem stefnt var að í gildandi vegáætlun fyrir árin 1983—84.

1.3. LÁNSFJÁRÖFLUN

Lánsfé verður 244,6 m. kr. árið 1983, 288,0 m. kr. 1986, 353,0 m. kr. 1985 og 351,0 m. kr. 1986. Ekki er á þessu stigi tekin afstaða til þess með hvaða hætti þessa fjár verður aflað. Verður það gert í lánsfjáráætlun hverju sinni.

II. SKIPTING ÚTGJALDA 1983—1986.

2.0. STARFSMANNAMÁL

Fastir starfsmenn hjá Vegagerð ríkisins voru 459 um síðustu áramót. Þar af voru 148 starfsmenn á kjörum opinberra starfsmanna í 145 stöðugildum, en heimiluð stöðugildi eru jafnmörg, þ. e. 145. Samkvæmt vegáætlun fyrir árin 1981—1984 var heimilað að fjölga stöðum samkvæmt kjarasamningum B.S.R.B. og B.H.M. um þrjár á árinu 1983 og þrjár á árinu 1984. Auk þess er gert ráð fyrir að fjölga um 3 stöður hvort ár 1985 og 1986. Hér er bæði um að ræða stöður tæknimanna og stöður á skrifstofu. Stafar fjölgun þessi m. a. af auknum umsvifum í samræmi við langtímaáætlun og vegna breytinga á bókhaldskerfi sem m. a. mun leiða til virkara kostnaðareftirlits.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir fjölda starfsmanna og skiptingu þeirra eftir starfsstéttum og í umdæmi.

Fastir starfsmenn 1. jan. 1982.

	Reykja- vik	Suður- land	Reykja- nes	Vestur- land	Vest- firðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austur- land	Samtals jan. 1982
Skrifstofa, yfirstjórn	24	2		3	2	2	3	2	38
Verkfæðilegur undirbúningur	33	5	4	7	5	4	5	5	67
Vegaefitílit	6								6
Starfsm. áhaldah. skv. Ifl. BSRB	12	1							1
Iðnlærðir verkstjórar	7	1	1	1	1	2	3	3	15
Verkstjórar	3	8	5	13	8	7	11	10	65
Iðnaðarmenn	31			9	2	6	10	7	65
Vélamenn	15	13	7	18	16	10	21	15	115
Verkamenn	17	7	4	8		4	9	4	53
Ráðskonur, matráðskonur	7	1	1	1	1		3	1	15
Fastir starfsm. í jan. 1982	155	38	22	60	35	35	66	48	459
Fastir starfsm. í jan. 1981	151	36	28	57	32	36	61	49	450
Fastir starfsm. í jan. 1980	161	37	27	56	32	28	59	51	451
Fastir starfsm. í jan. 1979	177	32	27	54	29	26	61	46	452
Fastir starfsm. í jan. 1978	188	31	27	57	29	25	67	46	470
Fastir starfsm. í jan. 1977	182	30	27	65	27	25	71	47	474

2.1.1. Skrifstofukostnaður

Haldið verður áfram að þróa bókhaldsvinnslu Vegagerðarinnar og frá og með árinu 1984 verður tekið í notkun nýtt tölvuúrvinnslukerfi fyrir bókhald og áætlanagerð, en núverandi úrvinnslukerfi hefur verið í notkun frá árinu 1974 með góðum árangri. Reynslan sem fengist hefur af því sýnir að tekist hefur að gera bókhaldið að virku tæki til kostnaðareftirlits og bættrar áætlanagerðar. Verður lögð áhersla á að nýta sem best aukna möguleika hins nýja kerfis, sérstaklega hvað varðar aukin tengsl bókhalds, áætlanagerðar og kostnaðareftirlits.

2.1.2. Verkfræðilegur undirbúningur.

Fjárveitingu þess liðar verður varið til greiðslu dagvinnulauna fastra starfsmanna og rekstrarkostnaðar tækniskrifstofu. Þau verkefni, sem einkum lenda á þessum lið auk stjórnunarstarfa, eru því hönnunarkostnaður verkefna, sem ekki hafa fjárveitingu, svo og ýmiss konar rannsóknir og áætlanagerð. Hönnunar- og eftirlitskostnaður þeirra verkefna, sem eru í framkvæmd hverju sinni, verður eftir sem áður færður á þau, eftir því sem við á.

2.1.3. Vegaeftirlit og umferðartalning.

Fjárveiting til þessa liðar er miðuð við, að vegaeftirliti og upplýsingaþjónustu um færð og ástand vegakerfisins verði haldið í sama horfi og verið hefur undanfarin ár, og að sömu starfsmenn sjái einnig að mestu um umferðartalningu. Þessi starfsemi hefur tvímælalaust gefið mjög góða raun með því að takmarka ofhleðslu og hlífa með því vegakerfinu. Á næstu árum verður haldið áfram að kaupa sjálfvirka umferðarteljara, en þeir spara mikið mannhald í sambandi við aflestra.

2.1.4. Eftirlaunagreiðslur.

Hér er um að ræða greiðslu eftirlauna til manna, sem hafa engan eða lítinn aðgang að lífeyrissjóði vegna skamms greiðslutíma iðgjalda. Greiðir Vegagerðin það sem á vantar til að þeir nái sem svarar 60% af eftirlaunum manna, sem fullan aðgang hafa. Á árinu 1982 nutu alls 38 aðilar þessara eftirlauna og má gera ráð fyrir, að sú tala hækki ekki, því að þeir sem nú hætta störfum fyrir aldurs sakir hafa flestir greitt iðgjöld það lengi.

2.2. VIÐHALD ÞJÓÐVEGA

Viðhaldi þjóðvega er skipt niður í tvo meginþætti, sumarviðhald og vetrarviðhald.

Í meðfylgjandi töflu er fjármagnspörf til viðhalds vega ásamt tillögum um fjárveitingar 1983—86 og hlutfall þeirra miðað við þörf (sjá lið 2.2.1.).

2.2.1. Sumarviðhald.

Á undanförunum árum hafa fjárveitingar til sumarviðhalds verið mjög af skornum skammti og hvorki fylgt verðlagsþróun né tekið tillit til aukinnar umferðar. Á fskj. 2.2.1.—01 er sýnd þróun fjárveitinga til viðhalds frá 1971.

Gerð hefur verið úttekt á þörf fjármagns til sumarviðhalds þjóðvega. Við þá úttekt eru hafðar til hliðsjónar gæðakröfur Svía og Norðmanna til sinna þjóðvega. Með tilliti til þess að hér er svo langt í land með að koma þjóðvegakerfinu í viðunandi ástand er þó nokkuð slakað á kröfunum um gæði veganna.

Við úttektina var miðað við, að allir vegir væru í viðhaldshæfu ástandi, þ. e. burðarþol, afvötnun og slitlag væri fyrir hendi en mikið vantar á að svo sé. Miðað við þessa úttekt hafa fjárveitingar frá árinu 1975—81 verið frá 59% til 71% af reiknaðri fjármagnspörf sumarviðhalds. Veruleg aukning viðhaldsfjár er því mjög aðkallandi, og er tekið nokkuð tillit til þess í tillögunni. Þannig er gerð tillaga um að fjárveiting 1983 verði 80% af þörf og hækki í 88% af þörf í lok áætlunartímabilsins. Hefur þá verið tekið tillit til þess að fjármagnspörf eykst um 1,5% á ári vegna aukinnar umferðar. Þessar tillögur verða að skoðast sem algert lágmark, ef komast á út úr því neyðarástandi, sem nú ríkir á miklum hluta vegakerfisins.

Enn er mikið af malarvegum með þunga umferð. Þannig var í lok ársins 1981 87 km með meiri sumarumferð en 750 bíla á dag og 1804 km með meiri sumarumferð en 200 bíla á dag.

	1983			1984			1985			1986		
	Vísit. 847			Vísit. 1186			Vísit. 1186			Vísit. 1186		
	Pörf viðh. m.kr.	Tillaga m.kr.	%	Pörf viðh. m.kr.	Tillaga m.kr.	%	Pörf viðh. m.kr.	Tillaga m.kr.	%	Pörf viðh. m.kr.	Tillaga m.kr.	%
1. Sumarviðhald												
1.1. Viðhald malarvega	129,0	99,0	77,7	185,1	144,8	78	188,2	154,3	82	190,8	160,3	84
1.2. Viðhald bund. slítl.	60,5	56,9	94	86,0	82,7	96	87,0	85,3	98	89,0	89,0	100
1.3. Viðhald brúa	16,9	13,2	78	24,5	19,6	80	25,4	20,8	82	25,9	21,8	84
1.4. Viðhald varnargarða	2,3	1,8	78	3,3	2,6	79	3,2	2,6	81	3,2	2,7	84
1.5. Heflun vega	70,0	50,8	73	99,8	75,8	76	100,8	79,6	79	101,9	83,6	82
1.6. Rykbinding	24,2	18,1	75	34,8	26,1	75	35,4	28,8	81	35,8	31,9	89
1.7. Vinnsla efnis	57,3	48,5	85	82,4	70,0	85	83,6	72,9	87	84,9	78,9	93
1.8. Vatnask. og ófyrirséð	12,6	11,3	90	17,9	16,1	90	18,2	16,4	90	18,5	16,7	90
1.9. Vegmerkingar	3,2	2,4	75	4,5	3,6	80	4,5	3,7	82	4,5	3,8	84
	376,0	302,0	80	538,3	441,3	82	546,3	464,4	85	554,5	488,7	88
2. Vetrarviðhald		76,1		111,7			113,4			115,0		
Samtals	378,1	553,0		577,8			603,7					

2.2.1.1. Viðhald malarvega.

Undir þennan lið fellur meðal annars endurnýjun malarlitlaga, ræsagerð, rásagerð, skurðgröftur, nauðsynleg styrking, smáviðgerðir og eftirlit með vegum ásamt ýmsum öðrum kostnaði.

Árleg endurnýjun slitlaga er að mestu leyti háð umferð, en efnisgæði, úrkoma, bratti og fleira hefur einnig mikil áhrif. Gert er ráð fyrir að endurnýja þurfi malarlitlag eins og hér er tilgreint:

Sumardagsumferð bílar/dag	Ár á milli endurnýjunar slitlaga	Lengd akfærra malarvega km	Árleg endur- nýjun slitlaga km
Minni en 50	9.0	2.568	285
50— 100	7.5	1.721	229
100— 200	6.4	1.796	281
200— 300	5.2	844	162
300— 500	3.7	647	175
500— 750	2.5	226	90
750—1000	1.6	14	9
Meira en 1000	1.3	73	56
	Samtals	7.890	1.287

Mikið hefur verið unnið að endurnýjun eldri ræsa á vegum, því að mörg þeirra eru mjög illa farin, en allt of oft kemur það fyrir að ræsi eyðileggjast. Þetta er m. a. vegna þess, að ekki hefur verið fjármagn fyrir hendi til að endurnýja gömlu ræsin. Á hverju ári er nokkuð unnið við að veita vatni frá vegum með því að grafa skurði og gera rásir meðfram vegunum.

Árlega þarf að nota mikið fjármagn til viðgerða á vorskemmdum og kemur það til vegna þess, hve burðarlag veganna er þunnt.

Árið 1981 skiptist kostnaður við viðhald malarvega sem hér segir, á áætluðu verðlagi 1983:

	m.kr.	%
Eftirlit og hreinsun	12,1	14,0
Umferðarmerki, stíkur og leiðarar	4,5	5,2
Mölbúður	45,8	53,0
Ræsi, skurðir, rásir	8,9	10,3
Viðgerðir á malarvegum	12,6	14,6
Ýmis kostnaður	2,5	2,9
	Samtals	86,4
		100,0

2.2.1.2. Viðhald vega með bundnu slitlagi.

Árið 1981 var varið til viðhalds vega með bundnu slitlagi 46,2 m.kr. sem skiptist á eftirtalda kostnaðarliði, á áætluðu verðlagi 1983:

	m.kr.	%
Eftirlit og hreinsun	1,5	3,2
Umferðarmerki, stikur, leiðarar	1,2	2,7
Vegmálun	2,2	4,8
Umferðarljós, lýsing	1,2	2,7
Yfirlagnir	37,2	80,2
Axlir, gangbrautir	1,2	2,7
Viðgerðir	1,7	3,7
Samtals	46,2	100,0

Fjármagnspörf til viðhalds vega með bundnu slitlagi er fundin miðað við lengd bundins slitlags í árslok 1982 og áætlaða aukningu til loka áætlunartímabilsins.

Síðastliðið sumar bauð Vegagerðin út fræsun á nokkrum malbiksköflum í nágrenni Reykjavíkur og í Njarðvík ásamt 22,5 km af steypu slitlagi Reykjanesbrautar. Útboðið var gert í samvinnu við Reykjavíkurborg sem bauð út nokkra malbikaða og steypa vegi í Reykjavík. Kostnaður við fræsun á steypa slitlaginu varð um 10 m.kr., en malbikun hefði kostað um 20 m.kr. Ending á fræstu yfirborði steypa vegarins er áætluð nokkru meiri en ef vegurinn hefði verið malbikaður. Fræsun slitlaga er tiltölulega ný viðhaldsaðferð en mestur sparnaður verður þegar fræsta efnið er endurnotað eins og farið er að gera í mörgum löndum.

2.2.1.3. Viðhald brúa.

Gert er ráð fyrir að svipað hlutfall af viðhaldsfé renni til viðhalds brúa og undanfarin ár. Vegna þess hve endurbyggingu brúa miðar hægt er viðhaldspörfin meiri en hún væri við eðlilegar aðstæður. Má því gera ráð fyrir að þessar fjárveitingar reynist ónógar eins og þær hafa verið undanfarin ár.

2.2.1.4. Viðhald varnargarða.

Gert er ráð fyrir að 1,8—2,7 m.kr. verði varið á ári til viðhalds varnargarða. Erfitt er að áætla þessar framkvæmdir fram í tímann, en tölurnar eru miðaðar við reynslu fyrri ára.

2.2.1.5. Vegheflun.

Árið 1981 varð kostnaður við heflun malarvega 40,1 m.kr., á áætluðu verðlagi 1983.

Vegheflun er ekki unnt að minnka neitt að ráði, því að líði langur tími á milli heflana myndast djúpar og stórar holur, sem auk þess að vera hvítleiðar fyrir umferðina valda því að næsta heflun verður mun dýrari.

Fjármagnspörfin til heflunar er fundin þannig, að settar eru ákveðnar gæðakröfur um yfirborðssléttleika. Til þess að hægt sé að ná þeim yfirborðssléttleika verður að vera malað efni í slitlagi og auk þess rykbundið. Þar sem þessum tveim síðustu skilyrðum er ekki fullnægt, er á þessu stigi ekki hægt að ná þeim gæðum sem notuð eru sem forsendur við útreikning á fjármagnspörf. Af þessum ástæðum er lagt til, að fjárveiting til heflunar fyrir áætlunartímabilið verði 73% af þörf fyrir árið 1983 og aukist í 82% í lok áætlunartímabilsins.

2.2.1.6. Rykbinding.

Árið 1981 var varið til rykbindingar 9,7 m.kr. á áætluðu verðlagi 1983 og voru rykbundnir að nokkru marki um 554 km af malarvegum.

Til þess að full not verði af rykbindingu þarf að vera gott mulið slitlag í vegunum og vegirnir þurfa að hafa nægilega afvötnun. Eins og áður er sagt er þetta ekki fyrir hendi nema að litlu leyti. Við útreikning á fjármagnspörf er gert ráð fyrir að allir malarvegir er hafa umferð meiri en 300 bíla á dag miðað við sumardagsumferð verði að fullu rykbundnir. Í þessari tillögu er gert ráð fyrir að rykbinda þá vegi er tilbúnir eru til þess og auka svo rykbindingu smátt og smátt.

2.2.1.7. Vinnsla efnis.

Með vaxandi umferð og meiri kröfum til veganna er nauðsynlegt að vinna efni í slitlag malarvega. Eftir því sem meira er vandað til malarslitlags, því lengur endist það í veginum.

Árið 1981 var unnið eftirfarandi magn slitlagsefnis:

Malað efni 212.300 m³.

Harpað efni 54 700m³.

Árlega þarf að vinna um 364.000 m³ af slitlagsefni og er það miðað við malað efni. Unnið hefur verið um 73% af því efni sem talið er nauðsynlegt.

Hlutfall fjárveitinga af þörf er hærra fyrir vinnslu efnis en fyrir aðra áðurnefnda viðhaldsliði og er það vegna þess að leitast er við bæta slitlag malarveganna, en það er forsenda þess að hægt sé að bæta yfirborðsléttleika slitlagsins.

2.2.1.8. Vatnaskemmdir og ófyrirséð.

Á hverju ári hefur miklu fé verið varið til viðgerða á vegum vegna vatnaskemmda og ófyrirséðra atvika. Samkvæmt mati á þessum kostnaðarlið fyrir síðustu ár er fjármagnspörf talin um 12,6 m.kr. árið 1983.

2.2.1.9. Vegmerkingar.

Lagt er til að fjárveiting til vegmerkinga verði 2,4 m.kr. á árinu 1983, en verði 3,8 m.kr. í lok áætlunartímabilsins. Unnið verður að áframhaldandi endurbótum á vegmerkingum, auk þess sem gert er ráð fyrir auknum kostnaði við viðhald merkjana.

2.2.2. Vetrarviðhald.

Á meðfylgjandi töflu er sýndur kostnaður við vetrarviðhald s. l. 10 ár, en tölurnar eru áætlaðar fyrir árið í ár (1982). Árið 1982 er fjárveiting 44,5 m.kr., en búist við að kostnaður fari í 49,0 m.kr., þrátt fyrir að ekki hafi verið snjóþungt á landinu frá áramótum til vors, nema á Norðausturlandi og norðanverðum Austfjörðum.

Snjómokstur varð þó með meira móti vegna óstöðugs tíðarfars annars staðar á landinu.

Ár	Vetrar- viðhald m.kr.	Vísitala viðhalds- kostnaðar	Á verðl. 1982 m.kr.	Hlutfallstala miðað við meðaltal
1973	0,99	12,5	43,48	90,6
1974	1,64	20,4	44,14	92,0
1975	3,22	33,4	52,93	110,3
1976	3,19	43,8	39,98	83,3
1977	4,97	67,7	40,30	84,0
1978	8,45	100,0	46,39	96,7
1979	14,37	144,0	54,79	114,2
1980	16,79	226,0	40,79	85,0
1981	42,98	347,0	68,00	141,7
1982	49,00 áætl.	549,0	49,00	102,2

Til nýrra framkvæmda.

Árið 1980 varð veruleg aukning á fjárveitingum til nýrra vega og brúa. Hefur framkvæmdamáttur fjárveitinga haldist í aðalatriðum óbreyttur síðan. Svo er einnig á árinu 1983, en síðan eykst framkvæmdamáttur síðari ár vegáætlunartímabilsins.

Skipting fjár á milli einstakra liða innan þessa verkefnaflokks er í meginráttum í samræmi við tillögu að langtímaáætlun, sem lögð var fram á Alþingi í vor. Nokkur breyting er þó gerð varðandi fjármögnun brúa á stofnbrautum. Í langtímaáætlun var kostnaður við þessar brýr talinn með kostnaði viðkomandi vegarkafla. Til að hjálpa til við fjármögnun þessara brúa var hluti af brúafé tekinn inn í fjárveitingar til stofnbrauta.

Í langtímaáætlun var þessi tilhögun hagkvæm og gaf gott yfirlit yfir verkefnið í heild. Á hinn bóginn er visst hagræði í því í vegáætlun að halda fjárveitingum til brúa aðskildum frá fjárveitingum til stofnbrauta. Hefur því verið fært til fjármagn af stofnbrautum yfir á brýr, að því marki, að allar brýr 10 m og stærri, sem byggja skal á stofnbrautum, séu byggðar fyrir fjárveitingar til brúa. Þetta á þó ekki við um brýr sem teljast til sérstakra verkefna á stofnbrautum. Þær greiðast af fjárveitingum til þess verkefnaflokks. Þá eru smábrýr á stofnbrautum ennþá inni í fjárveitingum til almennra verkefna á stofnbrautum. Getur komið til álita að færa þær einnig yfir á brúaliðinn, og mætti gera það við meðferð málsins á Alþingi.

2.3. TIL NÝRRRA ÞJÓÐVEGA

Við skiptingu fjár á einstaka liði er haldið þeim hlutföllum, sem fram koma í langtímaáætlun. eru það svipuð hlutföll og gilt hafa undanfarin ár.

2.3.1. Til stofnbrauta.

Hér er haldið þeirri skiptingu á verkefnaflokka, sem notuð hefur verið hin síðustu ár og gefið góða raun, þ. e. almenn verkefni, bundin slitlög og sérstök verkefni. eru hlutföll milli flokka svipuð og í gildandi vegáætlun. Að þessu sinni bætist við nýr verkefnaflokkur, en það eru hinir svonefndu Ó-vegir (Ólafsvíkurenni, Óshlíð og Ólafsfjarðarmúli). Hefur þótt rétt að halda þeim aðskildum frá öðrum verkefnum innan stofnbrauta, vegna sérstöðu þessara vega og stærðar verkefnanna.

Skipting fjárveitinga á verkefnaflokka er sem hér segir:

	1983 m.kr.	1984 m.kr.	1985 m.kr.	1986 m.kr.
a) Almenn verkefni	122,4	188	202	202
b) Bundin slitlög	97,5	154	167	166
c) Sérstök verkefni	93,0	145	157	155
d) Ó-vegir	51	48	43	51,0

a) Almenn verkefni.

Í þessum verkefnaflokki er öll almenn vegagerð á stofnbrautum. Fjárveitingar undir þessum lið geta þó einnig gengið til bundins slitlags í tengslum við nýbyggingu vega svo og til smærri brúa, sem bundnar eru vegaf framkvæmdum. Fjárveiting til „hafísvegar“ er innifalin í tölum hér að ofan.

b) Bundin slitlög.

Fjárveitingar af þessum lið fara til að leggja bundið slitlag bæði á þá vegarkafla, sem við því geta tekið án mikilla lagfæringa, svo og á kafla sem byggðir eru upp fyrir fjárveitingu af almennum verkefnum.

c) Sérstök verkefni.

Miðað er við að fjárveiting til sérstakra verkefna standi undir öllum kostnaði viðkomandi verka, þar með talið brúagerð og bundið slitlag. Fjárveiting fer til þeirra verkefna, sem ákveðin voru í gildandi vegáætlun, svo og til nýrra verkefna á þessu sviði.

d) Ó-vegir.

Fjárveiting er í samræmi við tillögu að langtímaáætlun. Samkvæmt henni á að ljúka við Ólafsvíkurenni á tímabilinu. Einnig yrði unnið allmikið að framkvæmdum í Óshlíð og að undirbúningi í Ólafsfjarðarmúla.

2.3.2. Til þjóðbrauta.

Fjárveiting til þjóðbrauta 1983 er 59,1 m.kr., en hækkar í 112 m.kr. síðustu tvö ár tímabilsins. Jafngildir þetta um 40% auknum framkvæmdamætti. Fé til vega í jadarbyggðum er innifalið í tilgreindum fjárveitingum.

2.3.3. Til bundinna slitlaga á þjóðvegum í kaптúnunum og kaupstöðum.

Lagt er til að sérstök fjárveiting gangi til þess verkefnis að flýta lagn bundins slitlags á þá þjóðvegi í kaптúnunum og kaupstöðum, sem enn hafa malarslitlag. Er við það miðað að þessir vegir fái bundið slitlag á næstu 5 árum. Fjárveiting þessi er 5 m.kr. 1983, en fer síðan hækkandi og er 18 m.kr. 1986.

2.3.4. Til girðinga og uppgræðslu.

Áætlað er að í árslok 1982 séu ógreiddar girðingakröfur um 30 m.kr. Þá er talið að eftir sé að græða upp um 3000 ha meðfram vegum.

Lagt er til, að fjárveiting til þessara verkefna verði 7 m.kr. 1983, en verði 10,8 m.kr. 1986.

2.4. TIL BRÚAGERÐA

Lagt er til, að fjárveiting til brúa verði 35 m.kr. 1983, 60 m.kr. 1984, 69,6 m.kr. 1985 og 69,7 m.kr. 1986. Eins og áður er að vikið, eru fjárveitingar til allra brúa taldar hér, aðrar en fjárveitingar til brúa á sérstökum verkefnum og til smábrúa á stofnbrautum.

2.5. TIL FJALLVEGA O. FL.

2.5.1. Til aðalfjallvega.

Samkvæmt 3.3. eru aðalfjallvegir taldir um 800 km. Lagt er til, að fjárveiting til þeirra verði 2,2 m.kr. á árinu 1983, en 3,2 m.kr. á árunum 1984—86.

2.5.2. Til annarra fjallvega.

Lagt er til, að fjárveiting til þessa liðar verði 2,4 m.kr. á árinu 1983, en 3,3 m.kr. á árunum 1984—86.

2.5.3. Þjóðgarðavegir og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum.

Lagt er til, að fjárveiting til þessa liðar verði 2,2 m.kr. á árinu 1983 og 3,1 m.kr. á árunum 1984—86.

2.5.4. Bláfjallavegur.

Lagt er til, að fjárveiting af fjallvegafé verði 5,1 m.kr. á árinu 1983, 7,1 m.kr. á árinu 1984 og 8,4 m.kr. á árunum 1985—86.

2.5.5. Reiðvegir.

Lagt er til, að fjárveiting til þessa liðar verði 0,3 m.kr. á árinu 1983, en hækki í 0,4 m.kr. á árunum 1984—86.

2.6. TIL SÝSLUVEGASJÓÐA

Samkvæmt ákvæðum í 21. gr. vegalaga miðast innheimta sýsluvegasjóðsgjalda við kaup í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins þann 1. desember næsta ár á undan. Tímakaup þetta var kr. 43,52 þann 1. desember s. l.

Samkvæmt vegalögum skal ríkisframlag eigi vera lægra en tveimur og hálfum sinnum innheimt heimaframlög, sem kveðið er á um í 21., 23. og 26. gr. sömu laga, næsta ár á undan. Ríkisframlag á móti aukaframlögum heimamanna er þó heimilt að greiða á viðkomandi ári, en áætlað er, að einungis helmingur þess verði greiddur á sama ári.

Miðað við fyrrnefndar forsendur eru heildartekjur sýsluvegasjóðanna á árunum 1983—1984 áætlaðar eins og hér segir, en tekjur árunum 1985—1986 eru eins og ársins 1984:

(Upphæðir í þús. kr.)

Ár	1983	1984
Samkv. 21. og 26. gr. vegalaga	11 186	16 325
Samkv. 23. gr. vegalaga	2 672	3 874
Aukaframlög heimamanna	2 292	3 334
Auka-ríkisframlag	4 874	7 033
Ríkisframlag samkv. 21. gr. og 26. gr. vegalaga	22 907	27 781
		34 645
Samtals	43 931	65 211

2.7. TIL VEGA Í KAUPSTÖÐUM OG KAUPTÚNUM

Heildarframlag er áætlað 68,0 m.kr. árið 1983, 95,2 m.kr. árið 1984 og óbreytt árin 1985—1986. Þessar upphæðir eru samsvarandi að framkvæmdamætti og fjárveiting ársins 1982, sem ákveðin var á Alþingi. Var sú fjárveiting í samræmi við þær hugmyndir um breytingu á vegalögum, sem boðuð var með tillögu að langtímaáætlun.

Samkvæmt vegalögum er $\frac{3}{4}$ hlutum framlagsins skipt eftir íbúatölu milli þeirra þéttbýlisstaða, sem hafa 200 íbúa eða fleiri, en $\frac{1}{4}$ hluta fjárins er ráðstafað af fjárveitinga-nefnd Alþingis, eins og segir í 34. gr. vegalaga.

(Upphæðir í m.kr.)

Ár	1983	1984—1986
Heildarframlag	68,0	95,2
$\frac{1}{4}$ hluti	17,0	23,8
Til skipta skv. íbúatölu	51,0	71,4

Áætluð íbúatala þéttbýlisstaða með 200 íbúa eða fleiri þann 1. desember 1982 er 208 300. Má því gera ráð fyrir, að upphæð á hvern íbúa verði um kr. 244,80 árið 1983.

2.8 TIL VÉLAKAUPA OG BYGGINGAR ÁHALDAHÚSA.

2.8.1. Til véla- og verkfærakaupa.

Í tillögu þessari til vegáætlunar 1983—86 er gert ráð fyrir að fjárveiting til véla- og verkfærakaupa verði 4,4 m. kr. árin 1984—86. Fjárveiting 1983 er hins vegar sú sama og 1982 að viðbættum verðbótum.

Gert er ráð fyrir, að því fé, ásamt afskriftarfé véla, verði eins og að undanfögnu fyrst og fremst varið til endurnýjunar á þeim vinnuvélum sem Vegagerðin þarfnast, en ekki fást leigðar á almennum markaði, svo sem vegheflum og vélum til brúagerða o. s. frv.

2.8.2. Til byggingar áhaldahúsa.

Á árinu 1983 er gert ráð fyrir að fjárveiting verði 4,3 m. kr., en verði síðan 6,6 m. kr. árin 1984—86.

Fjárveitingum þessum, ásamt hluta af rekstrartekjum véla og hluta af áhaldaleigu, verður varið til þess að sinna mörgum aðkallandi verkefnum, sem standa fyrir dyrum, eða verið er að vinna að.

Helstu verkefni sem unnið er að, og fyrirhuguð eru á áætlunartímabilinu, eru bygging áhaldahúsa á Selfossi, Sauðárkróki, Húsavík, Vopnafirði og Reyðarfirði.

Auk þess verður þessum fjárveitingum varið til þess að sinna öðrum minni, en jafnframt mjög aðkallandi verkefnum, eins og t. d. að undirbúa lóðir og aðstöðu á öðrum bælistöðvum Vegagerðarinnar víðsvegar um landið.

2.9. TIL TILRAUNA Í VEGAGERÐ.

Fjárveiting þessi er ½ % af mörkuðum tekjum vegasjóðs samkvæmt lögum. Er áætlað, að haldið verði áfram tilraunum við ýmsa þætti vegagerðar á þessu vegáætlunartímabili, eins og verið hefur.

III. UM FLOKKUN VEGA.

3.1. ÞJÓÐVEGIR EFTIR KJÖRDÆMUM.

Í þessum tillögum eru þjóðvegir flokkaðir eftir 12. gr. vegalaga. Gerðar eru tillögur um nokkrar breytingar frá fyrri vegáætlun og verður gerð grein fyrir þeim hér á eftir í viðkomandi flokkum.

Þar sem þjóðvegur endar við bæ, er lengd hans miðuð við vegamót heimreiðar en hún telst sýsluvegur eða einkavegur.

Í fylgiskjali 2.3.0.—01 eru sýndar í töfluformi vegalengdir stofnbrauta, þjóðbrauta og þjóðvega í þéttbýli miðað við kjördæmi, eins og þær voru 1. janúar 1982.

3.2.1. Stofnbrautir.

Miðað er við eftirfarandi viðbætur við vegi þá, sem töldust stofnbrautir samkvæmt vegáætlun 1981—1984.

416 Álftanesvegur

421 Vogavegur

422 Njarðvíkurvegur

617 Tálknafjarðarvegur:

Bíldudalsvegur — Tálknafjörður

64 Flateyrarvegur

65 Súgandafjarðarvegur:

Vestfjarðavegur — Suðureyri

77 Hofsósbraut

808 Árskógssandsvegur

97 Breiðdalsvíkurvegur

98 Djúpavogsvegur

Vegir þessir voru áður þjóðbrautir og stafar breytingin af breytingu á vegalögum, sem boðuð er í tillögu til þingsályktunar um langtímaáætlun í vegagerð, sem lögð var fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi.

Lagt er til að 411 Arnarnesvegur lengist og nái frá Suðurlandsvegi við Rauðavatn og út á Arnarnes.

Þá er einnig lagt til, með tilliti til núgildandi vegalaga, að eftirtaldar þjóðbrautir verði stofnbrautir.

821 Eyjafjarðarbraut vestri

Norðurlandsvegur — Miðbraut

Náði áður að nyrðri vegamótum Kristnesvegur

823 Miðbraut

829 Eyjafjarðarbraut eystri

Norðurlandsvegur — Miðbraut

Í fylgiskjali 2.3.1.—01 eru vegalengdir stofnbrauta miðað við kjördæmi sýndar í töfluformi.

3.2.2. Þjóðbrautir.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á vegum þeim, sem töldust þjóðbrautir samkvæmt vegáætlun 1981—1984.

214 Kerlingardalsvegur lengist, náði áður að Bólstað.

410 Elliðavatnsvegur styttist um kaflann frá Suðurlandsvegi að Dimmu, en sá kafli verður hluti af 411 Arnarnesvegi, sem nú byrjar við Rauðavatn og nær út á Arnarnes.

614 Rauðasandsvegur styttist, náði áður að Gröf.

621 Mosdalsvegur falli niður.

74 Skagastrandarvegur styttist, náði áður norður fyrir Skagaströnd.

706 Núpsdalsvegur styttist, náði áður að Nedra-Núpi.

814 Staðarbakkavegur styttist, náði áður að Staðarbakka.

825 Dalsvegur styttist, náði áður að Stóradal.

827 Sölvadalsvegur lengist, náði áður að Eyvindarstöðum.

834 Fnjóskadalsvegur vestri styttist vegn breyttrar legu Norðurlandsvegur austan Víkur-skarðs.

851 Út-Kinnarvegur lengist, náði áður að Nípá.

856 Laxárdalsvegur vestri og 857 Laxárdalsvegur eystri verði einn vegur, 856 Laxárdalsvegur og álman að Halldórsstöðum falli niður.

869 Langanesvegur lengist, náði áður flugvelli, og flugvallarafleggjari verði sérvegur.

Þá er lagt til að eftirfarandi vegir verði teknir í tölu þjóðbrauta:

253 Gunnarshólmavegur: Af Landeyjavegi hjá Voðmúlastöðum um Sel á Landeyjaveg hjá Gunnarshólma.

506 Grundartangavegur: Af Akranesvegi hjá Litlu-Fellsöxl að Grundartangahöfn. Meiri-hluti þessa vegar var áður hluti af 503 Akrafjallsvegi, sem styttist sem honum nemur.

536 Laxholtsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Galtarholti um Laxholt og Stangarholt á Ólafsvíkurveg austan Langár.

620 Flugvallarvegur Bíldudal: Af Bíldudalsvegi að flugvelli.

703 Hálsabæjavegur: Af Norðurlandsvegi á Hrutafjarðarhálsi um Svedjustaði á Miðfjarðarveg sunnan Melstaðar. Áður hluti af Norðurlandsvegi.

804 Flugvallarvegur Ólafsfirði: Af Kleifavegi við Ós að flugvelli.

875 Flugvallarvegur Þórshöfn: Af Langanesvegi hjá Sauðanesi að flugvelli. Áður hluti af 860 Langanesvegi.

961 Flugvallarvegur Breiðdalsvík: Frá Breiðdalsvík að flugvelli vestan kaupsins.

Í fylgiskjali 2.3.2.—01 eru vegalengdir þjóðbrauta miðaðar við kjördæmi sýndar í töfluformi.

Fskj. 2.2.1.—0.1.

Sumarviðhald þjóðvega

Ár	Viðhaldskostn. m. kr.	Vísitala viðhaldskostn.	Viðhaldskostn. Verðl. 1982, vt. 550 m. kr.	Lengd akfærra þjóðvega km	Viðhaldskostn. á km verðl. 1982, vt. 550 þús. kr.	Bíla fjöldi í ársbyrjun	Fjöldi ekinna km á öllum þjóðv. m. km	Viðhaldskostn. hverja 100 ekna km verðl. 1982, vt. 550 kr.
1971	2 181	9,8	122,4	8 148	15,0	47 011	328	37,3
1972	3 036	11,7	142,7	8 164	17,5	52 489	349	40,9
1973	3 340	14,2	129,4	8 104	16,0	57 155	371	34,9
1974	6 800	22,7	164,8	8 211	20,1	63 189	395	41,7
1975	8 400	37,1	124,5	8 336	14,9	71 364	420	29,6
1976	11 720	47,7	135,1	8 336	16,2	71 459	420	32,2
1977	14 370	67,5	117,1	8 336	14,0	73 410	449	26,1
1978	26 550	100,0	146,0	8 409	17,4	78 481	450	32,4
1979	39 466	145,0	149,7	8 338	18,0	84 141	449	33,3
1980	63 630	228,0	153,5	8 328	18,4	90 015	472	32,5
1981	95 780	351,0	150,1	8 316	18,0	95 606	485	30,9

Fskj. 2.3.0.—01.

Þjóðvegir 1. janúar 1982.

	Stofnbrautir km	Þjóðbrautir km	Þjóðvegir í þéttbýli km	Þjóðvegir km
Suðurlandskjördæmi	457,4	1 115,7	14,5	1 587,6
Reykjaneskjördæmi	182,0	182,5	66,2*	430,7
Vesturlandskjördæmi	517,4	883,2	13,3	1 413,9
Vestfjarðakjördæmi	792,9	562,8	14,9	1 370,6
Norðurlandskjördæmi vestra	363,0	739,9	13,8	1 116,7
Norðurlandskjördæmi eystra	564,6	648,9	15,2	1 228,7
Austurlandskjördæmi	860,5	584,5	24,4	1 469,4
Samtals	3 737,8	4 717,5	162,3	8 617,4

* Lengd þjóðvega í þéttbýli í Reykjavík meðtalin.

Fskj. 2.3.0.—02.

Bundið slitlag 1. janúar 1983.

	Steypa km	Malbik km	Olíumöl km	Klæðning km	Samtals km
Suðurlandskjördæmi		4,4	108,1	58,3	170,8
Reykjaneskjördæmi	46,7	43,3	63,4	19,8	173,2
Vesturlandskjördæmi		1,9	16,0	42,7	60,6
Vestfjarðakjördæmi		9,1		28,0	37,1
Norðurlandskjördæmi vestra	0,8			78,8	79,6
Norðurlandskjördæmi eystra		11,4		62,2	73,6
Austurlandskjördæmi	0,6		9,9	46,7	57,2
Samtals	48,1	70,1	197,4	336,5	652,1

Fskj. 2.3.1.—01.

Stofnbrautir 1. janúar 1982.

	Ekki akfært km	Akfært km	Alls km
Suðurlandskjördæmi	11,9	445,5	457,4
Reykjaneskjördæmi	7,4	174,6	182,0
Vesturlandskjördæmi	—	517,4	517,4
Vestfjarðakjördæmi	20,0	772,9	792,9
Norðurlandskjördæmi vestra	—	363,0	363,0
Norðurlandskjördæmi eystra	13,2	551,4	564,6
Austurlandskjördæmi	—	860,5	860,5
Samtals	52,5	3 685,3	3 737,8

Fskj. 2.3.2.—01.

Þjóðbrautir 1. janúar 1982.

	Ekki akfært km	Akfært km	Alls km
Suðurlandskjördæmi	5,7	1 110,0	1 115,7
Reykjaneskjördæmi	—	182,5	182,5
Vesturlandskjördæmi	28,3	854,9	883,2
Vestfjarðakjördæmi	9,0	553,8	562,8
Norðurlandskjördæmi vestra	26,5	713,4	739,9
Norðurlandskjördæmi eystra	5,0	643,9	648,9
Austurlandskjördæmi	11,9	572,6	584,5
Samtals	86,4	4 631,1	4 717,5

Fskj. 2.4.—01.

Aldur brúa 10 m og lengri.

Á skrá Vegagerðar ríkisins eru nú 818 brýr af þessari stærð, og skiptast þær þannig eftir byggingartíma og stöðu í vegakerfinu.

Byggingarár	Fjöldi brúa.					Alls	Reiknað álag
	Á stofnbrautum	Á þjóðbrautum	Á sýsluvegum	Á öðrum opinb. vegum			
Fyrir 1910		2		1	3	Mannþröng 400 kg/m ²	
1910—1919	4	4			8	Mannþröng 400 kg/m ²	
1920—1929	15	13	2	3	33	Mannþröng 400 kg/m ² eða vagn 6 tonn	
1930—1939	30	38	5	4	77	Mannþröng 400 kg/m ² eða vagn 6 tonn	
1940—1949	39	42	6	1	88	Mannþröng 400 kg/m ² eða vagn 6—20 tonn	
1950—1959	97	98	27	6	228	Vagn 20—34 tonn	
1960—1969	80	63	39	6	188	Vagn 20—34 tonn	
1970—1979	95	26	20	18	159	Vagn 20—63 tonn	
1980—1982	17	8	6	3	34	Vagn 63 tonn	
Samtals	377	294	105	42	818		

Fskj. 2.6.—01.

Sýsluvegir 1. janúar 1980.

	Skv. a—c lið 19. gr.			Skv. d—c		Sýsluv. alls km
	Óakf. km	Rutt km	Lagt km	Alls lið 19. gr. km	km	
V.-Skaftafellssýsla		16,8	121,3	138,1	4,5	142,6
Rangárvallasýsla		9,2	228,9	238,1	64,3	302,4
Árnessýsla		1,6	309,3	310,9	7,7	318,6
Gullbringusýsla			4,6	4,6		4,6
Kjósarsýsla		1,0	75,0	76,0		76,0
Borgarfjarðarsýsla		3,6	82,0	85,6	4,0	89,6
Mýrasýsla	0,7	23,7	116,9	141,3	28,4	169,7
Snæf.- og Hnappadalssýsla	1,7	14,2	104,9	120,8	28,5	149,3
Dalassýsla	6,9	18,0	54,6	79,5	13,0	92,5
A.-Barðastrandarsýsla		12,1	20,5	32,6	61,2	93,8
V.-Barðastrandarsýsla	0,1	3,6	40,7	44,4	37,3	81,7
V.-Ísafjarðarsýsla		16,6	26,1	42,7	64,2	106,9
N.-Ísafjarðarsýsla	0,2	9,1	33,8	43,1	44,8	87,9
Strandasýsla		8,4	40,8	49,2	99,6	148,8
V.-Húnavatnssýsla	0,7	12,8	109,3	122,8	58,2	181,0
A.-Húnavatnssýsla	0,3	10,2	89,8	100,3	10,8	111,1
Skagafjarðarsýsla	14,7	34,3	153,2	202,2	5,4	207,6
Eyjafjarðarsýsla	2,6	12,9	102,7	118,2		118,2
S.-Þingeyjarsýsla	7,0	49,0	138,6	194,6		194,6
N.-Þingeyjarsýsla	3,2	40,1	81,8	125,1		125,1
N.-Múlasýsla		61,2	149,5	210,7	35,3	246,0
S.-Múlasýsla	0,5	36,4	94,7	131,6	42,5	174,1
A.-Skaftafellssýsla	0,8	11,2	53,8	65,8	27,0	92,8
Samtals	39,4	406,0	2 232,8	2 678,2	636,7	3 314,9

Fskj. 2.7.—01.

Lengd þjóðvega í þéttbýli 1. janúar 1982.

	Bundið slitlag km	Malar- slitlag km	Óakfært km	Samtals km
Suðurlandskjördæmi	11,1	3,3	0,1	14,5
Reykjaneskjördæmi	27,4	0,8	1,9	30,1
Reykjavík	25,1	—	11,0	36,1
Vesturlandskjördæmi	9,5	3,8	—	13,3
Vestfjarðakjördæmi	9,2	5,6	0,1	14,9
Norðurlandskjördæmi vestra	8,1	4,9	0,8	13,8
Norðurlandskjördæmi eystra	9,3	5,6	0,3	15,2
Austurlandskjördæmi	19,9	4,2	0,3	24,4
Samtals	119,6	28,2	14,5	162,3